

7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. apríl 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 376 15. ágúst 1986.

*Iðnaðarráðuneytið, 23. mars 1987.*

**Albert Guðmundsson.**

Guðrún Skúladóttir.

18. mars 1987

Nr. 125

## VIÐAUKI

**við reglugerð nr. 327 21. júní 1982.**

1. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tl. 2. gr. sbr. rgl. nr. 149/1983 skal bann við öllum veiðum á svæði fyrir Suðurlandi ekki taka gildi fyrr en frá og með 28. mars 1987.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 18. mars 1987.*

F.h.r.

**Jón B. Jónasson.**

Kjartan Júlíusson.

26. mars 1987

Nr. 126

## AUGLÝSING

**um listabókstafi stjórn málasamtaka.**

Ráðuneytið hefur ákveðið listabókstafi stjórn málasamtaka, sem ekki hafa skráðan listabókstaf, sbr. auglýsingu nr. 90 6. mars 1987, sem hér segir:

J—listi Samtaka um jafnrétti og félagshyggju

M—listi Flokks mannsins

S—listi Borgaraflokksins

P—listi Þjóðarflokksins

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 40. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, sbr. lög nr. 2 5. mars 1987.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. mars 1987.*

F.h.r.

**Ólafur W. Stefánsson.**

Jón Thors.